

Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 1/136/2
komudagur 26.11.2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2008
Tilvísun: 200811-0004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 30. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 30. mál.

Vísað er í umsögn ASÍ frá 28. desember 2007 um sama mál. Alþýðusambandið fagnar tillögunni sem fulltrúar allra flokka á Alþingi flytja. Eins og fram kemur í greinagerð er fylgir tillögunni þá hefur hlutur kvenna í sveitarstjórnnum aukist mjög hægt undanfarinn áratug. Því er mikilvægt að beita markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnnum í aðdraganda næstu sveitarstjórnarkosninga 2010.

ASÍ telur Jafnréttisstofu réttan aðila til að veita slíkum aðgerðum forystu, en bendir á að nauðsynlegt er að Jafnréttisstofa kalli til þá aðila sem sinna jafnréttismálum á faglegum forsendum og aðra áhugahópa um jafnrétti kvenna og karla.

Virðingarfyllt,
f.h. Alþýðusambands Íslands


Marianna Traustadóttir
Jafnréttisfulltrúi

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/228
komudagur 25.11.2008



Alþingi Íslendinga
Hildur Eva Sigurðardóttir, nefndarritari fél.- og
trygg.m
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804
postur@fel.stjr.is
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 24. nóvember 2008
Tilv.: FEL08110071/0004

Vísað er til bréfs yðar f.h. félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem ráðuneytinu er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Í tilefni af bréfinu vill ráðuneytið taka fram að það er reiðubúið að veita upplýsingar og svara spurningum sem upp kunna að koma við umfjöllun nefndarinnar um tillöguna. Að sinni mun ráðuneytið hins vegar ekki gefa almenna umsögn um tillöguna. Þá skal tekið fram að félags- og tryggingamálaráðherra mun eftir atvikum lýsa afstöðu sinni til málsins, komi það til frekari umfjöllunar á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra

Ágúst Geir Ágústsson



Jafnréttisstofa

Alþingi
Erindi nr. P/36/251
komudagur 26.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 24. nóvember 2008.

Málefni: Umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 30. mál.

Með bréfi félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 5. nóvember s.l., var óskað eftir umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 30. mál.

Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafa það að markmiði að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins, sjá 1. mgr. 1. gr. Enn fremur segir í sömu mgr. að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Þessu markmiði á meðal annars að ná með því að, eins og fram kemur í b. og c. lið 1. gr., vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu og bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.


Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni á þskj. nr. 30 þá hefur hlutur kvenna í sveitarstjórnnum aukist fremur hægt. Eitt af því sem skiptir miklu máli til að ná ofangreindum markmiðum jafnréttislaga er að konur komi að því til jafns á við karla að taka ákvarðanir um sitt nær-umhverfi, ákveða hvernig þjónustu, t.d. félagsþjónustu, í sveitarfélögum skuli háttáð og hvernig fjármagn sveitarfélags er notað. Ljóst er því að aðgerða er þörf til að bæta stöðu kvenna á sveitarstjórnarstiginu.


Jafnréttisstofa er tilbúin til þess að taka að sér það verkefni sem hér er lagt til, enda málefnið brýnt. Ljóst er þó að til að svo geti orðið þarf að auka fjárveitingar til Jafnréttisstofu.

Mikilvægt er að verkefnið fari af stað sem allra fyrst, enda stutt í það að prófkjör hefjist og/eða uppstillingar á lista fyrir kosningarnar.

Jafnréttisstofa styður þingsályktunartillöguna og vonar að hún nái fram að ganga.

F.h. Jafnréttisstofu


Ingjörg Elíasdóttir lögfræðingur



KVENRÉTTINDAFÉLAG
ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907
Hallveigarstöðum
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. P 136/237
komudagur 26.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2008.

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, þskj. 30 – 30. mál.

Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) styður ofangreinda þingsályktunartillögu heilshugar enda ekki vanþörf á að beita markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

KRFÍ hélt hádegismálþing 25. september sl. undir yfirskriftinni: Uppröðun á framboðslista – ábyrgð stjórnmalaflokkanna. Í lok málpingsins var samþykkt ályktun þar sem segir m.a.:

“Það var samróma álit málpingsins að hvetja stjórnmalaflokkana til að hafa kynjajafnrétti að leiðarljósi við uppröðun á framboðslista fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar árið 2010. Einnig að hvetja Alþingi sérstaklega til að bregðast við því misræmi sem gætir í hlutfalli kynjanna á framboðslistum almennt með því að taka til umfjöllunar þingsályktunartillögu Sívjar Friðleifsdóttur o.fl. um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, sem og önnur sambærileg þingmál sem geta leitt til aukinnar þátttöku kvenna í stjórnmalum”.

Eitt af markmiðum KRFÍ er að berjast fyrir því að konur fái aukin áhrif í samfélaginu. Ójöfn staða kynjanna endurspeglar m.a. í því að misræmi gætir í þeim fjölda karla og kvenna sem sitja í sveitarstjórnnum. KRFÍ fagnar því sérstaklega að komin er fram þingsályktunartillaga sem tekur mið af þessu og er ætlað að leita leiða til að gera konum í auknum mæli kleift að koma að sveitarstjórnmalum.

Virðingafyllst,
f.h. stjórnar Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir,
framkvæmdastjóri KRFÍ

Alþingi
Erindi nr. P 136/192
komudagur 24.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingarmálanefnd
b/t nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19.nóvember 2008

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitastjórnnum, (30. mál, 136. löggjafarþing).

Landssambandi sjálfstæðiskvenna hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitastjórnnum.

Landssamband sjálfstæðiskvenna fagnar tillögunni og telur mikilvægt að beitt verði markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitastjórnnum. Landssamband sjálfstæðiskvenna er sammála því sem kemur fram í tillögunni að Jafnréttisstofa ætti að annast slíkar aðgerðir og þarf því að auka fjárveitingar til hennar samhliða auknum verkefnum af þessum toga.

Fyrir hönd Landssambands sjálfstæðiskvenna,



Drífa Hjartardóttir formaður og framkvæmdastjóri LS

Alþingi
Erindi nr. P 136/445
komudagur 12.12.2008



Hildur Eva Sigurðardóttir, nefndarritari
Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 9. desember 2008
Tilv.: MMR07120041/0.4.3

Vísað er til bréfs félags- og tryggingamálanefndar Alþingis frá 5. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn menntamálaráðuneytisins um tillögu til þingályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 30 máls, þskj. 30.

Tillagan gerir ráð fyrir því að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Af ofangreindu tilefni vill ráðuneytið taka fram að það telur ekki ástæðu til þess að láta nefndinni í té sérstaka umsögn um málið en tekur að öðru leyti undir mikilvægi þeirra sjónarmiða sem tillagan byggir á. Menntamálaráðuneytið vill koma því á framfæri að í því ástandi sem nú ríkir í samfélagi eru jafnréttismál mikilvæg sem aldrei fyrr og um þau skal standa vörð.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 136/227
komudagur 25.11.2008



Nefndasvið Alþingis
Félags – og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarrítara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnunum (30. mál).

Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni það tækifæri að fá að velta umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Tillagan gerir ráð fyrir að hleypt verði af stokkunum aðgerðum til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnunum.

Þó það megi teljast æskilegt að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast á flestum sviðum þjód- og atvinnulífs þá er ekki þar með sagt að þörf sé á sértækum opinberum afskiptum til að tryggja að svo verði. Þróunin er sú að hlutfall karla og kvenna í ýmsum geirum er að jafnast og ólíklegt er að sú þróun sé afrakstur opinberra aðgerða.

Að auki er almennt vafasamt að ætla að auka opinber útgjöld á þessum afar erfiðu tímum í íslensku efnahagslífi þó þau séu vissulega minniháttar í þessu tilfalli. Margt smátt gerir hins vegar eitt stórt og nú stendur ríkissjóður frammi fyrir því að þurfa að skera niður útgjöld um 40 ma. kr. eða auka skattheimtur sem því nemur eða um 2,4% af landsframleiðslu. Aukin skattheimta er ekki valkostur að mati Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð telur eðlilegast og líklegast til árangurs að stjórnmalaflokkarnir taki það upp með sjálfum sér að útfæra og framkvæma hugmyndir þær sem þverpólítíska nefndin lagði til á sínum tíma og fjallað er um í tillögunni. Ef sveitarstjórnir og Alþingi eiga að endurspegla ákveðinn þverskurð mannlífsins, t.a.m. hvað kynjahlutföll varðar, þá liggur beinast við að fulltrúar þeirra sem fylla sæti sveitarstjórna og Alþingis reyni eftir fremsta megni að tryggja slíkan þverskurð.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs



Alþingi
Erindi nr. P 136/142
komudagur 18.11.2008

Nefndasvið Alþingi,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2008

Umsögn um 30. Mál, Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitastjórnnum.

Kvennahreyfingu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs barst til umsagnar 30. mál – um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitastjórnnum.

Innan Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs starfar ekki sérstök kvennahreyfing og því tók stjórn flokksins málið til umfjöllunar. Einn flutningsmanna málsins er Kolbrún Halldórsdóttir þingmaður Vinstri grænna og við styðjum málið.


Vinstri græn notuð fléttulista markvisst í fyrsta sinn á vegum Reykjavíkurfélagsins haustið 2005 í aðdraganda borgarstjórnarkosninga 2006, tilgangurinn var að rétta hlut kvenna. Þær reglur voru síðan lagðar til grundvallar í sameiginlegur forvali Reykjavíkurdæmanna og Suðvesturkjördæmisins fyrir síðustu alþingiskosningar sem fólu meðal annars í sér svohljóðandi ákvæði:

Í anda kvenfrelsis skal tryggja jafnræði kynja við uppröðun á hverjum hinna þriggja lista sem um ræðir. Til þess að svo verði skal eftirfarandi reglum beitt:

- a) *Fjöldi atkvæða í einstök sæti ræður úrslitum þannig að þeir þrír frambjóðendur sem fá flest atkvæði í 1. sæti teljast hafa hlotið kosningu í það sæti, þó einungis svo að a.m.k. einn sé af hvoru kyni. Séu allir þrír sem fá flest atkvæði í 1. sætið af sama kyni skal sá þeirra sem fæst atkvæði hlýtur færast niður í annað sæti en þess í stað hlýtur kosningu sá frambjóðandi af gagnstæðu kyni sem hlýtur flest atkvæði í 1. sæti.*
- b) *Kosningu í 2. sæti hljóta þeir þrír frambjóðendur sem fá flest atkvæði í 1.-2. sæti þó þannig að efstu tvö sæti listanna verði skipuð þremur körlum og þremur konum.*
- c) *Um kosningu í 3. sæti gilda sömu reglur og í 1. sæti þannig að tryggt sé að ekki séu færri frambjóðendur en fjórir af báðum kynjum í efstu þremur sætum listanna þriggja.*
- d) *Kosningu í 4. sæti hljóta þeir þrír frambjóðendur sem fá flest atkvæði í 1.-4. sæti þó þannig að efstu fjögur sæti listanna verði skipuð sex körlum og sex konum.*

Þá má minna á alþjóðlegan gagnagrunn um reglur mismunandi ríkja og hvernig þær hafa reynst: <http://www.quotaproject.org>. Gegnumgangandi er sú staðreynd að jafnrétti í valdastöðum næst ekki af sjálfu sér og því verður að grípa til sértækra úrræða. Þrátt fyrir að jafnréttislög hafi verið í gildi hér á landi í áratugi miðar hægt hvert sem litið er. Við mælum því eindregið með notkun fléttulista við uppröðun enda hefur hann nýst vel sem tæki til að koma konum að eins og sést vel í niðurstöðum forvals Vinstri grænna og annars staðar þar sem slíkt hefur verið notað.

Virðingarfyllt,
f.h. Stjórnar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs



Drífa Snædal,
framkvæmdastýra Vinstri grænna